



Áfangalýsing ML

Titill:	Sérhæfður orðaforði og bókmenntir
Námsgrein:	Enska
Viðfangsefni:	Þemaverkefni í tengslum við frekara nám á háskólastigi, þjálfun í ritun og tjáningu á ensku
Skammstöfun:	ENSK3SD05
Prep:	3
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Nemendur þjálfá sig í notkun fræðilegan orðaforða. Þeir velja sér efni sem tengist grein á viðkomandi námsbraut og sem þeir hafa sérstakan áhuga á og sem þeir stefna mögulega á í framhaldsnámi, í hugvísindum eða náttúruvísindum, og einbeita sér að henni. Mikil áhersla er lögð á að velja og vinna úr fræðilegum heimildum. Samhliða þessari vinnu eru lesinbókmenntaverk og verkefni unnin í tengslum við það. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur öðlist færni í að greina mismunandi tímabil bókmenntasögunnar út frá þeim verkum sem lesin eru. Áfanginn er sniðinn sérstaklega að hverri braut skólans og því er áherslumunur á áfanganum á milli brauta.
Forkröfur:	ENSK2AO05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">• orðaforða sem gerir honum kleift að skilja fræðilega texta• aðalþáttum í uppbyggingu ritgerða• að velja sér fræðilegar heimildir til ritunar rannsóknarritgerða• undirstöðu heimildavinnu• helstu aðferðum til að skipuleggja og skrifa langa fræðilega ritgerð á ensku• fjölbreyttum orðaforða til að geta tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær í daglegu lífi og í tengslum við sérhæfingu• sérhæfðri þekkingu sem nýtist í starfi og til undirbúnings fyrir frekara nám• orðaforða og eðli erlends tungumáls sem nýtist til frekara náms og í tengslum við sérhæfingu eftir því sem þörf er á•



Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• afla sér orðaforða sem tengist ákveðnu fræðisviði• afla sér heimilda og vinna úr þeim á gagnrýnninn hátt• vinna eftir skipulögðu ferli við gerð heimildaritgerða• halda kynningu á verkefnum sínum á ensku fyrir hóp áheyranda• tjá sig á skýran, gagnrýnninn og skapandi hátt um sérhæfða þekkingu sína• skipuleggja vinnuferli, beita viðeigandi tækni og aðferðum sérþekkingar á ábyrgan hátt• sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við að leita lausna innan viðkomandi sérsviðs
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none">• fylgja öllum reglum um gerð fræðilegra ritgerða, s.s. nýtingu heimilda og fjalla um þær á gagnrýnninn hátt• setja fram gagnrýna skoðun á völdu efni• nýta sér orðaforða sem tengist námsefni í greininni• skrifa lipra ritgerð• gera grein fyrir efni rannsóknaritgerðar í kynningu fyrir hlustendur sem eru ekki kunnugir efninu• tjá sig á ensku í tengslum við nám sitt, störf og hugsanlegt frekara nám• axla ábyrgð gagnvart starfsumhverfi og hagnýtingu almennrar þekkingar sinnar• nýta þekkingu sína til að greina ný tækifæri í umhverfinu• meta eigið vinnuframlag• sjá menntun sína á alþjóðlegu samhengi• tengja þekkingu sína og leikni við tækni og vísindi
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.